

Fundur 18.9.2023 Pétur Þorláksson frá Blönduósi.

Komið þið öll blessuð og sæl.

Loksins er ég kominn í sambandið.

Og er frá ýmsu að segja.

Ég ætla að vona að koma mín verði til þess að bæta, ef eitthvað bjátar á hjá mínu fólki og hef ég einnig mjög gaman af því að segja frá atburðum í mínu lífi og þykir mér leitt að ég hafi ekki komið fyrr en hef ég hér fylgst með mörgum fundum.

Og það er áhugavert að fylgjast með því sem fram fer og í fyrstu finnst manni það mjög ótrúlegt en svo nýtur maður þess æ betur.

Og hef ég hér setið mjög marga fundi og viljað koma í gegn en var mér sagt að miðillinn hefði ekki trú á sér, fulla trú á sér en það var nú stefnt að því í kvöld að koma mér í gegn og gleður það mig.

Já gæti maður, hefði ég getað sagt frá atburðum hefði ég komið fyrr, en það varð nú ekki.

Hef ég sent kveðjur og við bæði.

Mjög orkumikill í nýjum líkama og lífsgleðin mikil og ævinlega eitthvað sem maður er að fást við.

Og var mikil undrunin er ég kom hingað fyrst að hitta löngu liðna ættingja og aðra sem voru nýfarnir, bræður mína og ættingja, móður og föður, ég var nú að reyna að koma fram nafninu.

Komdu sæll Þorlákur.

*Er það faðir minn?*

Já, það er hann.

*Já það hefði verið gaman ef þeir hefðu verið hér líka bræður mínir.*

Já þeir hafa oft verið það, er það ekki.

*Jú, jú, þeir hafa verið hérna allir.*

*Það var gaman að heyra í þér.*

Já, það var stillt til alveg sérstaks sambands hér í kvöld og þurfti að undirbúa það vel, en ég bið mjög vel að heilsa þeim og ykkur öllum.

*Ert þú ánægður með steininn?*

Já, já já.

*Og alla steinana þína sem ég gróf upp fyrir þig?*

Ja já, gott að finna það.

*Já.*

Og vona að gangi vel með það sem þið eruð að fást við.

*Já takk, og þú ert eitthvað að sýsla við svipað er það ekki?*

Jú.

*Nýja tækni?*

Já maður lærir og svo er maður í búskapnum aðeins.

*Nú er það?*

Já.

*Hefur þú hitt kindurnar þínar aftur?*

Já.

*En gaman, já já já.*

Já og við fengum hjálp til að ná saman aftur, ég og móðir mín.

*Nú.*

Já, já.

*Er það ný skeð?*

Nei það eru nú, það var nú svona skömmu eftir að ég fór yfir eða nokkrum árum, hafið þið ekkert frétt af því?

*Nei við heyrðum í honum Nonna hérna um árið og þá sagði hún í gegnum hann að þið væruð ekki saman þá, en það eru nokkur ár síðan.*

Já, það hefur þá verið eftir það.

*Þá voru þau á Gaukstöðum þarna megin.*

Já.

*Já, já, þannig að þið eruð búin að sjatla ykkar mál?*

Já já, það er mikil hamingja að hafa ástæður til þess.

*Já, en börnin sem þið misstuð eru þið búin að hitta þau?*

Já. Og það er merkilegt og afi þinn og amma vilja einnig segja frá sér við tækifæri.

*Já, já, ég er nú búinn að bíða lengi eftir að heyra í þeim.*

Þau hafa nú talsvert snúið við blaðinu í trúarmálunum.

*Er það ekki.*

Já.

*Já, já.*

Og svo sinnir sjónum faðir hennar,

*Já, Jóhannes.*

Já.

*Er hann enn þá á sjónum?*

Já meðal annars.

*Já já já.*

Það er ýmislegt sýslað. En.

*Þú ert búinn að hitta þessa karla þína, vini þína?*

Já það er talsvert margir af þeim og,

*Kom Einar fram á ykkar stað? Bróðir þinn.*

Jú, jú, ég hef já já.

Hann hefur farið víða um hnöttinn líka.

*Já, já já.*

*Þið höfðuð nú gaman af því að ferðast.*

Já og ég ætlaði að segja það að það er svo margt líkt æskustöðvunum hér en samt ekki eins. Já já fólkið margt sem maður kannast við.

*Já, er einhver svona á, eins og Blanda?*

Ja eitthvað svolítið kannski.

*Jaá, jaá.*

Já svo er þetta búið að vera, já ég hef talsvert fengist við búreksturinn og svo er maður að kynnast herna hvernig tækin virka og nýjungar í tækni og svoleiðis.

*Já.*

Það er mikið um það að bílarnir svífi hér.

*Já það er ekkert annað*

*Er ein stöng í miðjunni sem stjórnar. (Steini Víkingur.)*

Já það er oft þannig.

*Ég hef séð svoleiðis í draumum eða upplifað það í draumi. (Steini Víkingur.)*

Jaá. Þú þyrftir endilega að þjálfa þig betur í þessu, ef þú gætir orðið virkur.

*Já. (Steini Víkingur.)*

Vonandi.

*Við erum alltaf að bíða eftir því að hann verði virkur.*

Já ég er orkumikill hér og móðir þín og við vildum nú líka senda ykkur skilaboð að hvað það er merkilegt að allir bræður mínir sem hér eru og hafa fengið nýtt starfssvið eða svipað og hafa ýmislegt að segja og hvað það er mikilvægt að ná saman eins og við móðir þín og bæta allt slíkt.

Og svo höfum við komið í margar sambandsstöðvar hér á þessum hnetti. Hér er ein stór sem við sækjum oft og svo eru þær fleiri.

Já ég hef verið að kanna þessa hreyfla í þessum bílum og ýmislegt annað og við höfum ferðast hér svolítið.

Já konan þín hún saknar þín mikið.

*Já og við söknum hennar mikið.*

Hún er nú farin að opna sig meira og þau voru talsverður hópur hérna sem þekktist á jörðunni gömlu, hann hérna úr Karnabæ, næ ekki nafninu og fleiri.

*Já hann Gulli?*

Já og fleiri,

*Já.*

Hún er nú farin að starfa núna og vill senda sínar bestu kveðjur.

*Já takk fyrir það, endilega skilaðu til hennar og þeirra allra.*

Og farin að finna fyrir meiri andlegum hæfileikum og það er hér amma þín ein sem hefur slíka hæfileika einnig.

*Já, já, Þuríður var nú skyggn.*

*Já.*

*Hún er nú ábyggilega öflug.*

Guðlaugur vill aftur koma í sambandið.

En ég vona að þið systkinin sættist ef það var eitthvað sem ég vissi ekki um, en hef heyrt um.

*Já hún er nú ekki alveg inn í hópnum hún Gréta eins og er.*

Já, ég hef heyrt af því og skil ekki alveg, hvernig það er, ég þóttist ekki, ég vissi ekki af neinu slíku sem hún heldur fram.

*Nei nei.*

En vonandi að það komist allt á besta horf og ég sendi henni engu að síður bestu kveðjur og sakna þeirra mikið.

*Já.*

Og það er nú svona ýmislegt sem að maður skildi nú ekki hér áður fyrr sem maður er að reyna að skilja, setja sig inn í.

*Já, já, en þú ert búinn að átta þig á að ég hafði rétt fyrir mér um framhaldið.*

Já já, það var stórmerkilegt og ég hefði gjarnan viljað segja frá því þegar ég var nýkominn, ég held bara að ég verði bara að reyna að gera það við tækifæri, við umskiptin.

*Jaá.*

Það var svolítill saga og ég var soldið hissa á því.

*Já.*

Já og móðir þín biður líka fyrir innilega kveðju og hún er glöð og hress og við erum hérna bæði.

Búin að endurheimta æskuþróttinn og það er

*Og ástina.*

Já já.

*Það er gott að heyra.*

En ég ætla nú ekki að hafa þetta lengra að sinni, gott að heyra í þér og

*Ég þakka þér fyrir að koma, ég átti nú ekki von á því.*

Þú segir þeim að ég biðji kærlega að heilsa þeim og það hafi verið ánægjulegt að koma.

*Já ég segi þeim það takk fyrir.*

Já verið þið sælir.

*Gaman að kynnast þér, blessaður Pétur.*

Takk fyrir sælir.